

Sp. 135. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]
um hækkun íbúðarlána úr Byggingarsjóði ríkisins.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á félagsmálaráðherra að hlutast til um, að húsnæðismálastjórn breyti hámarki íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins úr kr. 600 000.00 í kr. 900 000.00, til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970, 8. gr. B.

Greinargerð.

Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970, er fjárhæð lána úr Byggingarsjóði ríkisins ákveðin kr. 600 000.00. Jafnframt var það nýmæli tekið upp í lög þessi, að húsnæðismálastjórn geti, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Síðan lög þessi voru samþykkt á Alþingi, hefur lánsfjárhæðin verið óbreytt, en hins vegar orðið miklar breytingar til hækkunar á byggingarkostnaði. Í maí 1970 var vísitala byggingarkostnaðar 439 stig. Tveim árum síðar eða í maí s. l. var þessi vísitala orðin 603 stig og hafði því hækkað um 37.4%. Enn hækkaði byggingarvísitalan 1. júlí s. l. í 683 stig og var þá orðin 55.6% hærrí en í maí 1970. Loks er vísitala byggingarkostnaðar nú orðin 689 stig, og er þar um að ræða 56.9% hækkun, síðan lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett í maí 1970.

Af þessu má marka, að það er meir en tímabært að hækka fjárhæð íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins, svo að þau lækki ekki hlutfallslega miðað við byggingarkostnað frá því, sem var, þegar gildandi lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett. Augljóst er, að hækkun sú, sem nú þarf að ákveða á íbúðarlánunum, þarf að nema að minnsta kosti allt að 50%, og er því lagt til, að lánsfjárhæðin megi nema allt að kr. 900.000.00.